

Eignarhaldsfélagið
Brunabótafélag Íslands

Ársreikningur 2011

Eignarhaldsfélagið
Brunabótafélag Íslands
Hlíðarsmára 8
201 Kópavogur

Kt. 480169-4179

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2011

Starfsemi félagsins á árinu 2011 fólst í fjármálastarfsemi. Tap var á rekstri félagsins á árinu 2011 að fjárhæð 88,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 2454,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 76% af niðurstöðutölum efnahagsreiknings.

Félagið ver hagnaði sínum til almenningsheilla með það að markmiði að efla brunavarnir sveitarfélaga landsins. Þá hefur félagið stuðlað að hagstæðri vátryggingarvernd og margvíslegum forvörnum á sviði vátryggings fyrir sveitarfélögum og íbúa þeirra. Einnig hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvara í brunamálum s.s. útgáfa á kennslubók í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Brunamálastofnun og verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð. Þá tók félagið þátt í átaki um eldvarnir heimilanna á vegum Eldvarnabandalagsins, en aðilar að því auk EBÍ eru m.a. Mannvirkjastofnun, tryggingafélög, og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur nú í vinnslu starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Félagið hefur sett sér fjárfestingastefnu sem unnið er eftir við fjárfestingar. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið um skiptingu eigna niður á ábyrgðaraðila. Skv. nút. stefnu er gert ráð fyrir að 70% eigna séu í ríkisbréfum og 10% í bréfum sveitarfélaga. Meginmarkmið stefnunnar er að EBÍ standi undir skilgreindum lágmarksútgreiðslum til sveitarfélaganna og líkur á að skerða höfuðstól með útgreiðslum séu lágmarkaðar. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitnesku er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrarrafkomu félagsins á árinu 2011, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Ísland hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2012.

Stjórn:

Ragnar Ólafur Þorvaldsson
Vigfus Kari Þorvaldsson
Sigrún Þorvaldsson
Björn Þorvaldsson

Ragnar Ólafur Þorvaldsson
Vigfus Kari Þorvaldsson
Sigrún Þorvaldsson
Björn Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

Anna Þórunn Þorvaldsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfyrillit, sjóðstremisfyrillit, upplýsingar um helstu reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuniðni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirra hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem er hluti af ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 17. febrúar 2012.

KPMG ehf.

Margrét Guðjónsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		1.452.039	17.504.695
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		222.966.767	272.545.825
Fjármagnsgjöld		(6.404.480)	(5.662.085)
		<u>218.014.326</u>	<u>284.388.435</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	20.709.904	19.789.471
Lifeyrisskuldbindingar, hækjun	14	78.964.725	25.917.988
Rekstur húsnæðis		3.248.102	7.451.752
Annar rekstrarkostnaður		16.248.821	14.022.850
		<u>119.171.552</u>	<u>67.182.061</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		98.842.774	217.206.374
Fjármagnstekjuskattur	12	(187.620.926)	(28.392.312)
(Tap) hagnaður ársins		(88.778.152)	188.814.062

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Skuldabréf	9	3.183.095.275	3.094.832.183
Hlutabréf		0	3.150.476
		<u>Verðbréf samtals</u>	<u>3.183.095.275</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,10	3.545.221	1.065.221
Handbært fé	5	29.236.966	59.575.830
		<u>Aðrar eignir samtals</u>	<u>32.782.187</u>
		Eignir samtals	3.215.877.462
		<u>3.215.877.462</u>	<u>3.158.623.710</u>
Eigið fé			
Sameignarsjóður		768.487.959	774.373.124
Annað eigið fé		1.686.185.003	1.769.077.990
		<u>Eigið fé samtals</u>	<u>6.111,16</u>
		<u>2.454.672.962</u>	<u>2.543.451.114</u>
Skuldir			
Lifeyrisskuldbindingar	14	660.644.166	613.445.932
Skattskuldbinding	7,12	98.692.072	0
Ýmsar skammtímaskuldir	15	1.868.262	1.726.664
		<u>Aðrar skuldir samtals</u>	<u>100.560.334</u>
		<u>Skuldir og skuldbindingar samtals</u>	<u>761.204.500</u>
		Eigið fé og skuldir samtals	3.215.877.462
		<u>3.215.877.462</u>	<u>3.158.623.710</u>

Sjóðstreymsyfirlit árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrahreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	(88.778.152)	188.814.062
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskrift bifreiðar		620.000	0
Áfallinn fjármagnstekjuskattur breyting		98.692.072	0
Lifeyrisskuldbinding, breyting	14	47.198.234	(4.195.398)
Veltufé frá rekstri		57.732.154	184.618.664
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		141.598	64.606
Handbært fé frá rekstri		57.873.752	184.683.270
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í bifreið	10	(3.100.000)	0
Verðbréf, breyting	9	(85.112.616)	(209.421.496)
Fjárfestingahreyfingar		(88.212.616)	(209.421.496)
Fjármögnunarhreyfingar			
Framlag til sveitarfélaga	11	0	(300.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		0	(300.000.000)
Lækkun á handbæru fé		(30.338.864)	(324.738.226)
Handbært fé í ársþyrjun		59.575.830	384.314.056
Handbært fé í árslok		29.236.966	59.575.830

Skýringar

Reikningsskilaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Verðbréf

Verðbréf, sem öll eru í vörlu fjármálastofnana og samanstanda af skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

5. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

6. Eigið fé

Framlag til sveitarfélaga á grundvelli samþykkta félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

7. Skattsskuldbinding

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegið greiðslu tekju- og eignarskatts samkvæmt 2. tölulög 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Félagini ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleyustum fjármunatekjum.

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2011	2010
Laun	11.683	11.145
Stjórnarlaun	4.626	4.617
Launatengd gjöld	4.401	3.909
Laun, launatengd gjöld samtals	<u>20.710</u>	<u>19.671</u>
Starfsmenn að meðaltali	1,5	1,5

Laun framkvæmdastjóra nema 10.856 þús. kr. á árinu 2011.

9. Skuldabréf

Skuldabréf félagsins í árslok greinast þannig:

Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands	591.155	417.574
Hlutdeildarskírteini skráð í Kauphöll Íslands	2.327.908	2.300.288
Önnur skráð hlutdeildarskírteini	264.032	376.971
	<u>3.183.095</u>	<u>3.094.833</u>

Skýringar, frh.:

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttigar	Samtals
Heildarverð 1.1.2011	0	1.065	1.065
Keypt á árinu	3.100	0	3.100
Heildarverð 31.12.2011	3.100	1.065	4.165
Afskriftir 1.1.2011	0	0	0
Afskrifað á árinu	620	0	620
Afskriftir 31.12.2011	620	0	620
Bókfært verð 31.12.2011	2.480	1.065	3.545
Afskriftahlutfall	20%	0%	

Innréttigar í árslok 2011 eru listaverk sem ekki eru afskrifuð.

11. Eigið fé

Eiginfjárreikningar í lok ársins 2011 og breytingar á þeim á árinu greinast þannig:

	Sameignar-sjóður	Annæð eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2011	774.373	1.769.078	2.543.451
Tap ársins		(88.778)	(88.778)
Fært úr sameignarsjóði	(5.885)	5.885	0
Eigið fé 31.12.2011	768.488	1.686.185	2.454.673

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. 16. skýringu.

12. Skuldbindingar

Félagið hefur verið undanþegið greiðslu tekju- og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innleyustum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997. Á árinu 2011 nemur innleyurstur fjármagnstekjuskattur 30,2 millj. kr.

	2011
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur greinist þannig:	
Innleyurstur fjármagnstekjuskattur á árinu	30.235
Endurálagning fjármagnstekjuskatts vegna fyrri ára	58.694
Áfallinn fjármagnstekjuskattur í árslok	98.692
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur	187.621

13. Á félagini hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna fyrverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 31,7 millj. kr. á árinu. Eftirlaunaskuldbinding félsins hefur verið reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 661 millj. kr. í árslok 2011 og er hún færð í ársrekninginn.

14. Félagið hefur gengist í ábyrgð vegna skuldabréfa að eftirstöðvum 3,2 millj. kr. í árslok 2011. Um er að ræða skuldabréf vegna kaupa á slökkvibifreiðum.

Skýringar, frh.: ---

15. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir greinast þannig:	2011	2010
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	683	0
Ógreiddir reikningar	1.185	1.727
Ýmsar skammtímaskuldir, samtals	1.868	1.727

16. Önnur mál

Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félagsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að féluginu var sem hér segir í árslok.

Tryggingatakar	68,67	69,55
Sameignarsjóður	31,33	30,45
	100,00	100,00